

Þrjú verk komu í leitirnar eftir umfjöllun



Ásgerður Búadóttir.

Þrjú listaverk eftir Ásgerði Búadóttur komu í leitirnar í kjölfar umfjöllunar Morgunblaðsins á síðasta ári en sonur Ásgerðar, Björn Þrándur Björnsson, hefur síðustu ár unnið að því að byggja upp heildarverkaskrá yfir listaverk móður sinnar, sem aðgengileg er á heimasíðunni asgerdarsafn.is.

Enn á eftir að finna um 30 verk sem ekki er vitað hvað orðið hefur um.

Áhugaverðar ábendingar

„Þrír eigendur höfðu samband eftir umfjöllun í Morgunblaðinu, einn er búsettur í Bandaríkjunum en hafði frétt af umfjölluninni. Annar átti eitt af elstu verkum mömmu sem hafði verið á fyrstu einkasýningu hennar heima hjá okkur í Karfavogi. Það verk hafði ég aldrei séð og átti enga mynd af en í sameiningu komumst við að því hvaða verk þetta væri. Það var því ansi góð viðbót við leitina. Verkið hékk inni á skrifstofu Þorbjargar Jónsdóttur skólastjóra Hjúkrunarskólans og talið er að það hafi verið keypt fyrir hönd tíu ára útskriftarárgangs hjúkrunarkvenna sem færði skólanum það að gjöf.



Verkið sem var líklegast í eigu Önnu Sigríðar Loftsdóttur. *Ljósmynd/Aðsend*


Síðar gaf Þorbjörg kennara skólans verkið fyrir að hafa m.a. aðstoðað við ritun sögu skólans og hafði verkið hangið uppi í stofu hennar alla tíð síðan,” segir Þrándur sem hefur fengið fleiri áhugaverðar ábendingar eftir umfjöllun Morgunblaðsins.

Ein ábending sem virðist nokkuð örugg er að Anna Sigríður Loftsdóttir, dóttir Lofts Guðmundssonar ljósmyndara og æskuvinkona Ásgerðar, hafi átt eitt af elstu verkum hennar. „Mamma vann á ljósmyndastofu Lofts á yngri árum og kynntist ef til vill Önnu Sigríði þar. Við vitum hvaða verk þetta var, en enn hafa örlög verksins ekki fengist staðfest af afkomendum Önnu Sigríðar.”

„Þetta fjórða verk hef ég aldrei séð áður.“

Þrándur finnur ennþá verk eftir Ásgerði sem ekki var vitað um áður og þar eru ljósmyndir frá listsýningum mikilvægar. Til dæmis birtist á sínum tíma mynd í tímaritinu *Fálkanum*, þar sem þrjú þekkt verk Ásgerðar sáust á sýningu 1961. En þegar upphaflega ljósmyndin fannst á Ljósmyndasafni Reykjavíkur og var skoðuð nánar sást að myndin hafði verið skorin til og að fjögur verk Ásgerðar voru til sýnis. „Þetta fjórða verk hef ég aldrei séð áður.“

Allar þekktar upplýsingar um verk Ásgerðar, bæði týnd og fundin, má finna á vefnum asgerdarsafn.is. Þá má senda ábendingar um verk á netfangið info@asgerdarsafn.is.



Björn Þrándur Björnsson.
Ljósmynd/Aðsend



[Frétt af mbl.is](http://mbl.is)
Leitar enn að týndum verkum móður sinnar

Fáðu fréttabréf

Netfang

Daglegt fréttabréf Morgunblaðsins